

**Fundur í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn fimmtudaginn 26. september 2013 kl 13.00. Haldinn á skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga og með aðstoð síma.**

**Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir (í síma), Ómar Már Jónsson (í síma), Sveinn Ragnarsson (í síma) og Sigurður Pétursson, einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði hann fundargerð.**

1. Fundargerð 6.september 2013

Fundargerð 6. september 2013, lögð fram og staðfest.

2. Undirbúningur 58. Fj.þing

1. Ályktanir stjórnar

Lögð fram drög að ályktunum sem stjórn FV mun leggja fram. Sigurður Pétursson kynnti drög að ályktun sem samgöngunefnd FV á eftir að fjalla um. Farið yfir efni ályktana og framkvæmdastjóra falið að senda út til sveitarfélagana til kynningar.

2. Tillaga að breytingum á samþykktum FV

Á stjórnarfundum 16. ágúst 2013 var kynnt tillaga að breytingum á samþykktum Fjórðungssambandsins. Málið var rætt og tillögur að breytingum settar fram, en vegna of skamms fyrirvara varðandi kynningu málsins gagnvart sveitarfélögum var samþykkt var að fresta málinu og óska eftir heimild þingsins um að vinna að slíkum breytingum.

Formaður kynnti að hún hefði falið framkvæmdastjóra að skoða málið að nýju, í ljósi frestunar 58. Fj.þings til 11. og 12. október n.k.. Ný drög að breyttum samþykktum á grunni umræðu fundar 16. ágúst lögju nú fyrir og óskaði formaður eftir umræðu um þau drög og að þau yrðu send út til kynningar til sveitarfélaganna.

Rætt um tillögu að breytingu á samþykktum. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að senda tillögur að breytingum á samþykktum til sveitarfélaga á Vestfjörðum og breyta dagskrá þingsins til að taka málið á dagskrá.

Ómar Már vék af fundi.

3. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri og formaður kynntu að boðað hefði verið til tveggja funda í næstu viku með Strætó bs., Eyþingi, SSNV, FV og SSV til að ræða samstarf þessara fjögurra landshlutasamtaka um almenningsamgöngur. Einnig yrði fundur með innanríkisráðuneytinu um sama mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.15.